

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

SAMSUNG

Samsung GALAXY S II



Einn vinsælasti sími ársins er nú fáanlegur hvítur.

Samsung Galaxy SII er Android snjallsími með 1.2GHz Dual-Core örgjörva, 4.3" Gorilla Glass skjá, 8MP myndavél sem tekur upp hreyfimyndir í HD 720p upplausn og 16GB innbyggt minni. Hraðari, þynnri, léttari og nú fáanlegur hvítur!



og endursöluaðilar út um allt land



Monitor hvetur alla lesendur sem notast við Twitter til að merkja Airwaves-tístin sín með #mblairwaves en þá birtast þau á mbl.is. Verið með í fjörunu.

HÖRÐUR, ANNAR FRÁ HÆGRI, SPÓKAR SIG MEÐ LIVE PROJECT-TEYMINU



Vaktavinna alla helgina

HÖRÐUR
Fyrstu sex: 040879.
Uppáhaldstónleikar: Jenny Wilson á Popaganda-hátíðinni í Svíþjóð.
Uppáhaldstónleika-hátíð: Sonar-hátíðin í Barcelona.
Uppáhaldshljómsveit: Björk í augnablikinu. Hún er að gjörbylta tónlistarlandslaginu í dag.

Þökk sé **Herði Kristbjörnssyni** og félögum þá geta allir fengið smjörþefinn af **Airwaves-hátíðinni** í ár. Þeir halda úti síðunni **liveproject.me** þar sem gestir hátíðarinnar geta sent inn myndir og myndbönd af sinni upplifun.

„Í gær fór síðan í loftið og nú er það í höndum gestanna að halda henni gangandi. Við verðum á vöktum meira og minna allan sólarhringinn á meðan á hátíðinni stendur. Þetta er nánast eins og leigubílstjórnir í Bandaríkjunum þegar einn fer og sefur í skottinu þá heldur hinn áfram,“ segir Hörður á harðhlaupum.

Live Project fagnar nú eins árs afmæli því að hún fór fyrst í loftið í kringum Airwaves-hátíðina í fyrra. Síðan þá hefur hún sent út frá mörgum hátíðum eins og Propaganda í Svíþjóð og Hróarskeldu í Danmörku. „Á þessu ári sem er liðið erum við búin að læra það að það er heljarinnar púl

að vera á tónlistarhátíð en við erum líka búin að læra það að internetið er ótrúlega skemmtilegur staður. Þetta er búið að vera erfitt en gaman.“

Komið til að vera
Fjöldinn allur af myndböndum hefur birst á síðunni en er eitthvað eitt sem er minnisstæðast? „Ég myndi nú segja að maður nokkur frá Hróarskeldu sem við köllum „fyrir fimmtán árum síðan-maðurinn“ sé eftirminnilegastur. Það er gæi sem er búinn að koma á hátíðina í 15 ár og við náðum myndbandi af honum þar sem hann var fótbotinn og var alveg á sneplunum.“

Hörður stofnaði síðuna ásamt félögum sínum þeim Daniel Frey Atlasyni, Arnari Yngvasyni og Benedikt Frey Jónssyni. „Live Project er komið til að vera og við stefnum á að vera ansi víða næstu misseri, á ansi mörgum hátíðum og skemmtunum. Það eru svo margar tónlistarhátíðir úti um allan heim og í raun væri hægt að vera á hátíð um hverja helgi. Það er draumurinn að vera með síðuna í loftinu allar helgar en ég veit ekki hversu lengi ég myndi persónulega endast í því. En það er snilldin við þessa síðu að allir geta tekið við keflinu. Þetta er í raun síðan ykkar allra, ekki bara okkar sem stöndum að henni.“ j/rj

Monitor mælir með

FYRIR BÍLINN
Nú er veturinn genginn í garð og það stýttist óðfluga í að hálfkan fari að gera vart við sig á götum landsins. Því er um að gera að skipta um dekk sem fyrst til að sleppa við löngu bíðaðirnar sem myndast á dekkjaverkstæðunum þegar fyrstu snjókornin falla.



FYRIR SÁLINA
Holt væri fyrir sálina að slaka á einn daginn og skella sér út í Viðey með góðum vinum eða sálufélaga. Þar er hægt að spóka sig um en auðvitað er mest spennandi að kíkja á Friðarsúluna sem ljómar svo skært þessa dagana og minnir okkur á að vera góð hvort við annað.



FYRIR BÍÓFARA
Nóg er af íslensku efni í bíóhúsum þessa dagana. Teiknimyndin Þór, spennumyndin Borgríki og Óskarsverðlaunaframlagið okkar Eldfjall eru allar í bíó og svo er fjöldinn allur af íslenskum myndum í Bíó Paradís og því upplagt að skella sér á eina innlenda ræmu.



Fylgstu með Monitor í beinni frá Iceland Airwaves á Mbl.is. Myndir, fréttir og allt það helsta frá hátíðinni.

Vikan á... facebook

- Bubbi Morthens**
Það er dásamlegt að vakna ástfangin.
12. október kl. 11:38
- Simmi Vill**
Ég er þyngri en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
Held að það sé okkur báðum gleðifrétt!
10. október kl. 19:46
- Ingólfur Þórarinnsson**
Í tilefni þess að ég á 11 gamla síma ofan í skúffu gerðu þá like á þennan status og þú kemst í pott sem verður dregið úr. Sá sem vinnur fær að eiga Nokia símann minn 3110 og hleðslutækið.
7. október kl. 00:00
- Skúli Jón Friðgeirsson**
Hvaða snillingur ætlar að lána mér pípuhatt og staf fyrir kvöldið?
8. október kl. 14:02

- Feitast í blaðinu**
- Ojba Rasta** er reggíhljómsveit af guðs náð sem inni heldur fjögur systkini. >>>4
 - Rúnar Rúnars** segir það meiri áskorun að vera hreinskilinn en að vera hipp og kúl. >>>6
 - Andreu Röfn** langar að komast út eftir menntaskóla og starfa sem fyrirsæta. >>>8
 - Ingvar E. Sigurðsson** varð „stars-truck“ þegar hann hittir Cate Blanchett. >>>12
 - Hvers vegna klæddist **Steve Jobs** alltaf svörtum rúllukragaból og gallabuxum? >>>18

Efst í huga Monitor Bjóðið velkominn, vetur

Velvet Underground, Maroon 5, Jón Ólafsson og margir fleiri hafa sungið um sunnudagsmorgna. Melanie Fiona, Death Cab for Cutie og Fleetwood Mac hafa aftur á móti öll gert lög um mánudagsmorgna. En það var einmitt á mánudaginn að ég þurfti að skafa af bílnum í fyrsta skipti þennan veturinn. Ég sagði náttúrulega bara við sjálfan mig, „Hello, Winter King.“ Svo um leið og ég áttaði mig á því að ég hafði hugsað þetta á ensku hugsaði ég, „Góðan og blessaðan, herra Vetur konungur.“ Þó það komi alltaf jafnmikið á óvart þegar allt í einu frystir þá eiga veðurguðirnir samt hrós skilið fyrir að lauma kuldanum inn svona smám saman. Ég var alveg byrjaður að vera í úlpu í síðustu viku og farinn að setja hita í sætið í bílnum fyrir tveimur vikum.



foreldra. Þú einfaldlega vaknar fimm mínútum fyrir, laumast út, setur bílinn í gang, skefur rúðurnar, setur hitann í botn, ferð svo inn og segir: „Hey, guess what? I just made your car ready.“ Það er að segja ef þú átt foreldra eða maka af erlendum uppruna. Ef um Íslending er að ræða eða útlending sem talar íslensku þá segir þú: „Heldurú að ég sé ekki bara búinn að skafa fyrir þig og hita bílinn.“ Svona uppátæki vekur alltaf upp mikla gleði og kátínu og styrkir samband tveggja einstaklinga svo um munar.

Ef þú aftur á móti hefur engan til að gleðja þá getur verið skemmtilegt að gleðja sig sjálfan með því að ímynda sér að maður sé að skafa happaprennu. Svo er hægt að setjast inn í bíl og lesa af hitamælunum og margfalda með -1.000.000. Þannig að ef mælirinn segir til dæmis -3 gráður þá er ímyndaði vinningurinn 3.000.000 króna. Ekki nóg með það heldur er þetta sérstök happaprenna þar sem ekki þarf að borga skatt af henni. Það er svo skemmtilegt að skafa. j/rj

KANN EINHVER AÐ GERA DREDDA?

Hljómsveitin **Ojba Rasta** spilaði fyrir fullu húsi á **Svínarínu** á **Faktory** síðasta föstudagskvöld. **Monitor** tók púlsinn á **Unni Sigurðardóttur**.



SETU HRING UTAN UM
SYSTKININ Á MYNDINI

Þið eruð ellefu í bandinu. Var það enginn vandi að húa í svona marga til að vera saman í hljómsveit?

Nei, það bara gekk vel. Það eru mikil samskipti þarna á milli og einhverjir eru í öðrum hljómsveitum saman. Stærsti hluti hópsins kemur úr Vesturbænum og Arnljótur bróðir stofnaði hljómsveitina og er límið í henni. Hann og Teitur voru búnir að spila mikið saman en svo var Arnljótur líka í hljómsveit með Danna og Snorra sem hét Danni og Dixie-Dvergarnir. Keli, Arnljótur og Gylfi spiluðu líka saman í Berndsen. Þannig að við erum bara svona hljómsveitarfrik í rauninni.

Er aldrei erfitt að ákveða hvenær allir komast á æfingu?

Það getur verið svolítið maus að koma öllum saman en við reynum að láta það ganga upp og þó að það komist ekki allir þá reynum við samt að æfa. Það skiptir mestu að vera með trommur, bassa og einn gítar. En á tónleikum reynum við að sjálfsögðu að vera öll.

Í bandinu eru sex Sigurðarbörn. Hver ykkar eru systkini?

Það er ég, Gylfi, Arnljótur og Valgerður.

Hafið þið verið að spila saman frá fæðingu?

Já, eiginlega. Þetta byrjaði í lúðrasveit, ég byrjaði að læra á trompet þegar ég var níu ára og svo eltu þau öll eldri systur sína.

Hvernig semjið þið lögin ykkar?

Það er svolítið í sitt hvoru lagi. Arnljótur á megnið af efninu og semur það í sínu horni virðist vera. Svo kemur Teitur líka með lög en einnig fæðist eitthvað af þeim á æfingum. Svo skrifar Arnljótur voða mikið út brass-partana. Sólóin eru aftur á móti á ábyrgð þess sem spilar hverju sinni.

Er þá ekki pressa á þeim sem er að taka sóló? Er rígur á milli brass-leikaranna?

Auðvitað er smá pressa og það er gaman að gera þetta vel og betur en síðast. En það er ekki beint rígur þó að við þrýstum auðvitað máturega á hvort annað. Við höldum hvert öðru á tánum.

Þið senduð frá ykkur lagið Jolly Good í sumar og það hefur fengið töluverða spilun. Er von á meira efni frá ykkur?

Já, við erum að klára næstu smáskífu. Við erum búin með allar upptökur fyrir það lag en eigum bara eftir að finþússa þetta. Svo eigum við nóg efni til að gera plötu svo hún kemur vonandi á næstu misserum.

Hafið þið heimsótt Jamaíka?

Nei, ekkert okkar, því miður. En einhvern daginn förum við þangað í píligrimsferð.

En ætlið þið ekkert að safna í dredda?

Það var nú einhvern tímann þæling hjá mér en svo treysti ég mér ekki alveg í það. Ég veit líka ekki hvar á Íslandi er hægt að fá dredda. Þannig að ég auglýsi eftir því og ef einhver er ótrúlega flinkur að gera svoleiðis þá má hann hringja í mig.

Hjálmar?

Þeir eru náttúrulega brautryðjendur hér á Íslandi í þessari senu og við sækjum vissan innblástur til þeirra. En það er samt öðruvísi „sánd“ hjá okkur því hjá okkur er meira þetta „dub“ sem varð til út frá reggae-tónlistinni. Það er í raun og veru ósungen reggae-tónlist með eilítið þyngri bassa og svo erum við með „dub-master“ í hljómsveitinni sem sér um að búa til alls kyns aukahljóð úr þeim tönnum sem við spilum.

Ætlið þið ykkur heimsyfraráð?

Við náttúrulega viljum gjarnan komast á spjöld sögunnar. Við gætum orðið hvítasta reggae-hljómsveit sögunnar.

OJBA RASTA

Stofnuð: Desember 2008. Í febrúar 2010 komst núverandi mynd á sveitina. Í febrúar á þessu ári var skipt um trommara.

Áhrifavaldar: Reggae, austur-evrópsk heimstónlist og íslensk rímnalög.

Þekkt lag: Jolly Good.

Framundan: Tónleikar í lok október og plötuútgáfa.

jrj

LOVERDOSE

THE NEW FRAGRANCE



DIESEL

Fær karlmenn til að gráta

Kvikmynd **Rúnars Rúnarssonar**, *Eldfjall*, er framlag okkar Íslendinga til Óskarsverðlaunanna í ár. Áður hefur hann hlotið tilnefningu til Óskarsins og er með það alveg á hreinu hvað hann myndi segja við **Robert De Niro** í sundi.

Hvernig kviknaði áhugi þinn á kvikmyndagerð?

Það var fyrir tilviljun því að ég og Grímur Hákonarson, vinur minn, vorum saman í MH og hann átti einhverja voða súper VHS-upptökuvél og tvö VHS-tæki til að klippa. Svo var það í þriggja mánaða kennaraverkfalli á fyrsta árinu okkar að við ákváðum að búa til stuttmynd. Við fórum svo með myndina á Stuttmyndadaga í Reykjavík og okkur fannst við bera skarðan hlut frá borði með því að lenda bara í 5. sæti og töldum að þarna væri samsæri í gangi. Öll myndin var tekin upp í gegnum klósett og endaði á því að skitið var á kameruna. Sjónvarpið sýndi myndirnar sem enduðu í efstu þremur sætum og við teljum að dómnefndinni hafi ekki þótt myndin sýningarhæf og því ekki sett okkur ofar en í fimmta. En þetta styrkti okkur og við fórum að sækja um styrki og hátíðir og komumst inn á Nordic Panorama í Noregi. Við fengum póst frá þeim þar sem við áttum að staðfesta komu okkar og velja jafnframt með hvaða flugi við ætluðum og á hvaða hóteli við vildum gista og svo framvegis. Við völdum allt það besta en fengum stuttu síðar reikning heim sem var ansi hár. Við fórum því með skottið á milli lappanna niður í Kvikmyndasjóð og konunum þar fannst við svo litlir og sætir eitthvað að þær græjuðu það þannig að sjóðurinn borgaði fyrir annan okkar og þær sannfærðu nefndina úti að borga fyrir hinn. Við gistum svo hjá hátíðarstýrunni sem gaf okkur helling af miðum á McDonald's. En þar kviknaði áhuginn því þar sá maður stuttmyndir sem voru teknar á filmu og allt í einu opnaðist heimur. Ég var búinn að prófa að vera í hljómsveitum, taka ljósmyndir, skrifa ljóð og fleira og var lélegur í þessu öllu saman en í kvikmyndinni kom þetta allt saman í eitt. Allt í einu leið mér vel og var á heimavelli.

Þú útskrifaðist frá National Film School of Denmark árið 2009. Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fara til Danmerkur að læra kvikmyndagerð?

Þá var ég búinn að gera fjöldann allan af myndum og sækja um peninga síðan ég var sextán ára. Þannig að í því ferli áttaði ég mig á að ég þurfti að þróa mig og síðan hafði það líka áhrif að ég þurfti að hafa annan heima-völl. Ég vissi það líka að ég ætlaði ekki að steypa mér í skuldir og námið í Kaupmannahöfn var ókeypis svo það hentaði mjög vel.

Lærir þú mikið á því að sitja á skólabeck eða lærir þú allt saman á því að gera hlutina?

Það sem ég lærði mest í kvikmyndaskóla var

RÚNAR RÚNARSSON

Fyrstu sex: 200177.

Uppáhaldskvikmyndir: Stuttmyndin Gasman eftir Lynne Ramsay og Film about Killing eftir Krzysztof Kieslowski.

Uppáhalds íslenskur leikari: Theódór Júlíusson.

Uppáhalds erlendur leikari: Meryl Streep.

að við vorum að framleiða svo mikið. Á hverju ári gerðum við þrjár til fimm stuttmyndir sem voru 8-15 mínútur sem voru allar skotnar á filmu og öll tæki og tól notuð. Framleiðslan var svo mikil að maður lærði alltaf tókin betur. Maður lærir auðvitað heilmargt á því að lesa sér til en einhvern tímann verður maður að hoppa í djúpu lauginna. Það þýðir ekki bara að lesa um sundtökin og tileinka sér einhvern fallegan „luft“ bringusundstíl fyrir framan spegilinn, maður verður að blotna líka.

Það eru einungis sex leikstjórar sem komast inn og tekið er inn í skólann á tveggja ára fresti. Hvað gerðir þú til að heilla þau?

Ég heillaði þau ekki í fyrsta skiptið. Þá hafði ég búið í Danmörku í hálf ár og ég var svo móðgaður að ég hætti í dönskunáminu. En svo tók ég mig saman í andlitinu og gerði meðal annars Síðasta bæinn í millitiðinni og komst inn í skólann á þeirri mynd.

Þú gerir Síðasta bæinn þegar þú ert 26 ára. Varstu lengi að móta þinn stíl sem kvikmyndagerðarmaður?

Ég hef sem betur fer haldið áfram að þróa mig en það var heilmikið sem kom saman í kollinum á mér við að gera þessa mynd. Ég var búinn að gera klósettmyndina og geimverumynd og fleira en þetta var í fyrsta skiptið sem ég var persónulegur á einn eða annan hátt. Ég áttaði mig á að ef ég gef hluta af hjartanu í mér í það sem ég er að gera þá næ ég betur til fólks. Það er líka stærri áskorun að vera heiðarlegur heldur en að reyna að vera hipp og kúl.

Þú tekur oft og tíðum á viðkvæmum málum í myndunum þínum og tekur meðal annars fyrir eymd, fíkniefni, nauðgun, dauðann og ástina. Hvar sækir þú innblásturinn þinn?

Ég reyni að skrifa um eitthvað sem ég þekki á einn eða annan hátt. Hvort ég hafi sjálfur verið í síru partíu eða einhver sem mér þykir vænt um segir mér hvernig hann hefur upplifað hlutina. En svo setur maður fullt af einhverju skrifuðu í blandarann þannig að



■ ■ Það er líka stærri áskorun að vera heiðarlegur heldur en að reyna að vera hipp og kúl.

þetta er ekki bara sjálfsævisögulegt. En það eru alltaf einhvers konar tengingar.

Síðasti bærinn var einmitt tilnefnd til Óskarsverðlauna. Var það ekki mikil viðurkenning?

Þetta var skemmtilegt ævintýri og er praktísk viðurkenning því það kemur sér mjög vel að hafa þetta á ferilskránni. Svo ef maður er í lauginni og hittir kannski Robert De Niro eða eitthvað þá getur maður sagt: „Hey, fellow nominee“ (hlær).

Þú hefur samt unnið tugi verðlauna fyrir

myndirnar þínar. Er tilfinningin alltaf jafn góð?

Það er alltaf gaman að fá fyrstu verðlaunin fyrir mynd en svo þegar þau verða fleiri þá hættir það að koma manni á óvart. Eins og fyrir Smáfugla þá fékk ég 67 verðlaun þannig að þegar ég fékk verðlaun númer 67 þá var ég ekki: „Ha? Hvað er að gerast? Þetta er ótrúlegt.“

Í mynd þinni Smáfuglar leikur Atli Óskar Fjalarsson aðalhlutverkið en hann lék síðar í Óróa. Uppgötvaðir þú hæfileika hans?

Þetta var í fyrsta skiptið sem hann var í mynd, já. Þegar ég vinn með krakka og unglunga þá er ég alltaf með stórar þrúfur. Ég prófaði yfir 100 stráka fyrir Smáfugla og velti við ýmsum steinum til að finna unglunga með hæfileika. Svo var það Jakob Þór Einarsson, nágrenni mömmu og pabba, sem var að vinna í Sírlandi á þessum tíma við talsetningu á barnaefni og hann benti mér á Atla Óskar. Hann er flinkur strákur hann Atli og það er gaman að sjá hvað honum veagnar vel. Svo er hún Hera Hilmarsdóttir sem lék á móti



Mynd/Sigurgeir

honum líka að gera það gott úti í hinum stóra heimi. Það hefur ræst vel úr öllum þessum krökkum sem ég hef unnið með. Krakkarnir úti í Danmörku eru líka að gera góða hluti svo að ég er eins og stoltur faðir. Það er gaman þegar góðu fólki gengur vel og þau eiga þetta öll skilið.

Eldfjall er fyrsta myndin þín í fullri lengd. Ertu stoltari af henni af því að þetta er stærra verkefni?

Það er sama þó þetta sé lengsta barnið í sentímetrum talið, mér þykir vænt um allar þessar myndir á sinn hátt. Maður gerir ekki upp á milli barnanna sinna en kannski af stuttmyndunum þykir mér vænst um Önnu. Það er kannski af því að fólki finnst hún síst af myndunum og þá vil ég verja hana. Hún er líka bastarður í lengd, enda 35 mínútur. Hentugast er að vera með stuttmynd sem er 15 mínútur.

Hún er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna. Ertu bjartsýnn? Heldur þú að þú getir hlotið styttuna gylltu?

■ ■ Svo ef maður er í lauginni og hittir kannski Robert De Niro eða eitthvað þá getur maður sagt: „Hey, fellow nominee“

Ég ætla að byrja á því að vera tilnefndur en við eigum ágætismöguleika á því. Það eru einhverjar 60 myndir og þeir sem kjósa þurfa að horfa á allar myndirnar. Það er bara fólk sem er komið á eftirlaun sem hefur tíma til að gera það og það fólk er á sama aldri og aðalsöguhetjur myndarinnar svo það vinnur ekki á móti okkur. Viðbrögðin hafa líka verið mjög góð í Norður-Ameríku.

En væri ekki gaman að vinna og allir Íslendingar myndu kalla þig „Strákurinn okkar?“ Það er alltaf gaman þegar einhverjum geng-

ur vel að kalla einhverja „strákurinn okkar“ og Íslendingum þætti eflaust gaman að hafa tækifæri á því að kalla einhvern strákinn sinn. Mér sjálfum finnst aftur á móti ekki gaman að vera kannski í ísbúðinni og fá athygli svo það er kannski þess vegna sem ég er hinum megin við myndavélina. En þetta hljómar eins og mesta þversögn þegar ég er í miðju viðtali en þetta er jú partur af vinnunni minni. Ég þarf að láta vita að ég sé til svo ég fái áframhaldandi fjármagn og svo að fólk komi og sjái myndirnar mínar. En þetta er kannski sá hluti vinnunnar sem mér finnst sístur.

Er hún ekki upplögð fyrir stefnumót?

Myndin fjallar um þrjár mismunandi kynslóðir svo hún hentar til dæmis ef þú vilt taka ömmu þína í bíó. Oft og tíðum fara strákar með stelpur á hryllingsmyndir til að fá þær í fangið en það er líka hægt að fara á mynd sem lætur meira að segja karlmenn fara að gráta. Ég hef heyrt af alla vega einum sem náði sér í kærustu með því að fara með hana á myndina svo að myndin er kjörin fyrir stefnumót.

Þú hefur farið í skóla og kynnt nemendur fyrir kvikmyndagerð. Er þér mikið í mun að smita þinni ástríðu til sem flestra?

Við lesum bækur í menntakerfinu og greinum þær og greinum sögur. En fólk er ekki alið upp við það að horfa á bíómyndir og skilja nákvæmlega á hvað það er að horfa og hvernig er verið að komast inn í hausinn á fólki. Þannig að mér finnst ósköp gaman að tala um bíómyndir við fólk og ég vona að það verði meira af því að aðrir geri slíkt hið sama.

Hvert er svo framhaldið hjá þér?

Ég er voðalega mikið í ferðatösku þessa dagana að þvælast með myndinni. Svo er ég að skrifa líka. Ég stefni að því að gera stuttmynd áður en ég geri næstu mynd í fullri lengd. Ég er nú reyndar kominn lengra með handritið fyrir myndina í fullri lengd heldur en stuttmyndahandritið. En maður þarf að halda því áfram sem manni finnst skemmtilegt að gera fyrst manni gefst kostur á því að gera það.

jrj

MYND SEM YRÐI SKOTIN Í GEIMNUM

Þó **Arnór Pálmi Arnarson** sé einungis 24 ára gamall hefur hann samt sent frá sér tvær þáttaraðir af *Hæ Gosa*. Í framtíðinni ætlar hann svo að gera jólageimmynd.



Hvenær kviknaði áhuginn á kvikmyndagerð?
 Það var í grunnskóla. Þá var maður að berjast við að fá félagana með sér í þetta en allir vildu bara fara í fótbolta. Ég var akkúrat á mörkunum á tækniþróuninni því að þó ég sé ungur þá er ég ekki eins og krakkar í dag sem kaupa sér bara síma og búa til bíómynd liggur við. Eftir tvö ár í Versló fór ég svo að vinna hjá Stöð 2 og fann þá að ég ætti að gera eitthvað tengt því.

Þá lá leiðin í Kvikmyndaskóla Íslands. Finnst þér tilvera skólans mikilvæg fyrir kvikmynda-gerðarmenn framtíðarinnar?

Tilvera kvikmyndaskóla yfir höfuð á Íslandi er mikilvæg en ég væri til í að sjá slíkan skóla í smærri mynd hér á landi. Taka inn færri nemendur og hafa þetta litla, sjarmerandi skólann á einhverri eyju úti í hafi sem fólk að utan horfir á og hugsar: „Þetta er sniðugt.“ Þá væri meiri peningur á hvern nemenda og meiri alúð.

Hvernig kom það til að þú fyrst að leikstýra heilli þáttaröð svona ungur?

Ég vildi að útskriftarverkefni mitt yrði stökkpallur fyrir mig og mig langaði að gera eitthvað fyndið. Ég var undir áhrifum dönsku Klovnþáttanna og ákvað að gera prufuþátt fyrir sériú. Ég hafði hitt Árna Pétur áður og mig langaði að gera eitthvað með honum og þá datt mér í hug að það gæti verið sniðugt að fá hann til að gera eitthvað með bróður sínum, honum Kjartani. Svo gerði ég þennan þátt og var svo heppinn að fá fleiri góða leikara til að gefa vinnuna sína. Skömmu síðar hitti ég Baldvin Z og sýndi honum þáttinn og hann ákvað að keyra þetta í gang og kom inn í þetta sem framleiðandi. Í janúar 2010 byrjuðum við að skrifa alveg blint án þess að vera með nokkurt fjármagn en í mars kom í ljós að Skjár einn var svo alveg til í slaginn. Þá hófust æfingar og tækur og um haustið var fyrsta serían frumsýnd. Ég á Baldvini mikið að þakka fyrir að hafa trú á svona kjúklingi eins og mér.

Er ekkert erfitt að vera kvikmyndagerðarmaður á Íslandi í dag? Er ekki hörð samkeppni?

Maður skapar bara sín tækifæri sjálfur og það gerist ekkert nema maður bara dembi sér í verkefni. En þetta starf er alls ekki traust tekjulega séð. Ég er góður í dag en eftir tvo mánuði gæti ég verið með ekkert verkefni á borðinu. En það heldur manni á tánum að maður þurfi alltaf að leggja sig fram til að ná í verkefni.

Hvar liggur áhugasviðið?

Það hlýtur að vera draumur allra leikstjóra að gera bíómynd. Ég er alveg með sögu í maganum sem yrði mín fyrsta mynd í fullri lengd en ég er ungur og því langar mig að safna meiri reynslu í bankann og búa til eitthvað sem ég get alltaf verið stoltur af.

Ef þú ættir endalausa peninga hvernig kvikmynd myndir þú gera?

Ég myndi gera mynd sem gerist í geimnum og skjóta hana í geimnum. Ég myndi fara í samstarf við NASA og búa til einhverja sögu sem yrði blanda af Moonraker og Star Wars. Ég held að allir myndu mæta á mynd sem væri sú fyrsta til að vera skotin í geimnum.

En ertu skotinn í geimnum?

Nei, en ég er skotinn í háloftunum og er að taka sólópróf þessa dagana í fluginu.

Hver eru svo framtíðarplönin?

Mig langar að gera góða bíómynd og mig langar að vinna erlendis. Danmörk og Svíþjóð heilla mig og mig langar að dýfa tánum þar ofan í þegar tækifæri gefst. Svo langar mig einn daginn að eignast erfingja en þá vil ég vera búinn að gera einhverja mynd sem tryggir erfingjanum traustar tekjur. Ég myndi örugglega fá góðar tekjur fyrir geimjólamynd sem yrði skotin í geimnum.

ARNÓR PÁLMI

Fyrstu sex: 030387.
Upphaldsleikstjóri: Fellini.
Upphalds erlend kvikmynd: Back to the Future.
Upphalds íslensk kvikmynd: Benjamín Dúfa.
Upphaldsleikari: Steve Buscemi

FLINKUR Í AÐ FANGA AUGNABLIKID

Árni Sveinsson, leikstjóri, var fremur ruglaður í ríminu sem krakki af því að amma hans heitir Ragna Bjarnadóttir en var alltaf kölluð Lóa.

Myndin þín Backyard hefur fengið alveg ótrúlega góðar viðtökur víðsvegar um heiminn. Ertu svona fáránlega góður leikstjóri?

Það er góður andi og tilfinning í henni og jákvæðar hliðar svona lítils samfélags koma mjög berlega í ljós. Hlutir eru gerðir án mikillar fyrirhafnar, látið vaða, allir taka saman á því á endanum og hlutirnir bara reddast. Svo er bara fólkið skemmtilegt og tónlistin góð.

Hver er besta leiðin til að ná svona andrúmslofti á filmu?

Það er þínu aðferðarfræði sem snýst um að fólkið sem tók þátt í þessu var ekkert meðvitað um að við Árni Rúnar vorum að gera mynd í alvöru. Við töluðum þetta bara mikið niður og fólk var ekkert að þæla í myndavélinni heldur var það bara það sjálft og leið ekki óþægilega.

Þú gerðir heimildarmyndina í skóm drekans árið 2002 með systur þinni, Hrönn Sveinsdóttur. Var myndin ádeila á fegurðarsamkeppni?

Hún var vissulega ádeila en við erum bara að fylgjast með manneskju sem er að reyna sitt besta og er að leika leikinn sem lagður er fyrir hana. Svo er hún ekkert sáttt við hvernig leikurinn er fram settur og hvernig hún er orðin. Þetta er því góð rannsókn á vissri skapgerð, sérstaklega á sjálfsmynd ungra kvenna. Þær geta gleymt sér í leiknum en gleyma hluta af sjálfri sér um leið. Hrönn setur sig að veði og við erum ekki á einhverjum háhesti að benda. Ég hef mestan áhuga á að gera heimildarmyndir sem leyfa þér bara að upplifa og draga þínar ályktanir.

Þú fylgdir Ragga Bjarna eftir í tvö ár þegar þú gerðir um hann heimildarmyndina Með hangandi hendi. Var það ekki ljúft?

Jú, það var yndislegt. Við kynntumst rosa vel á þessum tíma og gerðum ýmislegt. Ég hafði alltaf haft það á tilfinningunni að ég myndi kynnast honum einhvern veginn. Það var svo skrítið að amma mín heitir Ragna Bjarnadóttir en hún er alltaf kölluð Lóa. Það var mjög flókið fyrir mér og svo var þessi gaur sem hét sama nafni og hún. Svo í þökkabót þekkjast þau. Þannig að þegar mér bauðst að gera þetta verkefni þá leit ég á þetta, eins og Maradona myndi segja, sem „hendi guðs.“

Svo gerðir þú þættina Íslensk kjótsúpa þar sem Erpur Eyvindar var í hlutverki Johnny National. Varstu aldrei við það að missa „feisið“ þegar hann var að bulla í viðmælendunum?

Jú, blessaður vertu. Við vorum komnir með svona tækni að kyrkja úr okkur hláturinn og við lágum oft í jörðinni fyrir aftan myndavélina. Þegar fólk var undirbúið þá hitti það bara Hrönn og allt leit út eins og að Kastljósið væri mætt. Síðan þegar allt var klárt gekk Johnny National inn og þá var þetta bara spurning um einhverjar 10 mínútur, korter í mesta lagi og það er ekkert tekið aftur. Fólk var náttúrulega bara: „hvað er í gangi?“ og þess vegna þurftum við bara að vera svolítið í því að kyrkja úr okkur hláturinn.

Raggi og Erpur gerðu seinna saman lagið Allir eru að fá sér. Hugsaðir þú: „Ég hef unnið með þessum snillingum“?

Þetta eru bara tveir mjög góðir vinir mínir. Erpur var búinn að tala um þetta áður og mér fannst þetta meika fullkomið sens. Raggi er þannig að þó hann sé orðinn „grand old man“ þá er hann ennþá Raggi grallari. Hann skilur alveg púkalætin í Erpi og fattar alveg þegar Erpur er með einhverja dónatexta og finnst það alveg kúl.

Hver eru svo framtíðaráformin?

Það er bara að halda áfram í góðum fíling og gera geðtruflaða hluti. Vinna að skemmtilegum hugmyndum með fullt af frábæru fólki, framkvæma og loks uppskera. Það er best, ískalt.

jyj

Mynd/Gelli


MYND SEM
BIRTIST Í SÍÐASTA
TÖLUBLAÐI NUDE
MAGAZINE.
Mynd: Vera Páls



„BEHIND THE SCENES“
TÖKUR Á MYNDBANDINU
ONE SEM NARVI FRAM-
LEIDDI FYRIR RFF Í ÁR.
Mynd: Elísabet Gunnarsdóttir



MYNDIN SEM VAR
Á FORSIÐU RFF
PAPER SEM KOM ÚT
Í KRINGUM REYKJA-
VÍK FASHION
FESTIVAL Í VOR.
Mynd: Kjartan Már



Fyrirsæta á fleygiferð

Andrea Röfn Jónasdóttir er 19 ára Vesturbæingur sem er að gera það virkilega gott í módelbransanum. Stíllinn settist niður með Andreu og ræddi við hana um fyrstu módelminninguna, fræga kollega og stærstu verkefni.

Hvenær byrjaðirðu að sitja fyrir?

Ætli ég hafi ekki verið svona 13 þegar þetta byrjaði. Ég man að ég var að kaupa fyrsta maskarann minn í Smáralindinni með mómmu þegar Steinunn Þórðar make-up artist, sem vann þá á EMM-skrifstofunni, kom til mín og bað mig um að vera á skrá hjá þeim. Ég fór til þeirra í myndatöku og það er eiginlega upphafið af þessu.

Hvert var fyrsta stóra verkefnið þitt?

Það var auglýsing fyrir póstin sem ég fékk í gegnum EMM-módel-skrifstofuna. Á þessum tíma var ég í níunda bekk en var að leika fermingarbarn sem fékk fermingarskeyti frá póstinum. Þetta var fyrsta alvöruverkefnið mitt og líka í fyrsta sinn sem ég fékk borgað fyrir verkefni.

Hjá hvaða módel-skrifstofu ertu núna?

Síðasta haust bauðst mér að taka þátt í Elite Model-fyrirsætukeppninni, ég gerði það og var á samning hjá Elite í kjölfarið. En svo núna í vor skipti ég yfir í Eskimo og ég er ánægð þar.

Er þetta alltaf jafn gaman?

Mér finnst þetta alltaf skemmtilegt en það eru viss verkefni sem geta verið meira þreytandi en önnur. Það getur til dæmis verið erfitt að sitja fyrir úti ef það er brjáláð óveður og svo er líka oft erfitt að vera að sýna á óskipulögðum tiskusýningum eða einhverju því um líkt. Skemmtilegustu verkefni eru hins vegar eins og RFF sem er skipulagt alveg frá A til Ö og það er virkilega gaman að vera að sýna á þannig tiskusýningum. Svo finnst mér mjög gaman þegar ég fæ tækifæri til að nota dansbakgrunninn minn í myndböndum eða myndatökum.

Hvert er þitt stærsta verkefni hingað til?

Það eru eflaust myndatökurnar með Nikita. Ég hef verið að ferðast svolítið með þeim til útlanda upp á síðkastið. Ég var líka í myndbandinu ONE sem Narvi-fyrirtækið gerði og frumsýndi á RFF núna í ár, það var virkilega gaman. En það var fyrir svona einu og hálfu ári þegar verkefni fóru að hrynja inn hjá mér og þá fékk ég meðal annars boð um að taka þátt í Nikita-myndatökunum. Fyrst fór ég til Mexíkó með þeim fyrir um það bil einu og hálfu ári og svo síðasta haust fór ég til Miami með þeim aftur. Það var alveg ótrúlega gaman að fara út með svona mörgu skemmtilegu fólki og í dag lít ég á Nikita-fólkið sem hluta af fjölskyldunni minni. Maður lærir líka svo mikið af þessu, ég hafði til dæmis aldrei verið jafn lengi í útlöndum án foreldra minna svo þetta var mikil og skemmtileg reynsla.

Það birtist mynd af þér í breska Vogue núna í september, fyrir hvað var það?

Já, þetta er eflaust stærsti áfangi sem ég hef náð og mér finnst þetta mjög gaman. Þetta var Lookbook-myndataka fyrir Kalda-hönnunina. Þetta var mjög afslöppuð myndataka, Silja Magg ljósmyndari gerði förðunina sjálf og það voru teknar bara tvær myndir af hverju dressi og svo skipt, allt voða afslappað og einfalt. Svo eru Kalda-systurnar svo flinkar að jakkinn sem ég var í á einni myndinni var trend í breska Vogue og

þess vegna birtist myndin. Mér fannst þetta mjög gaman fyrst, en svo ennþá skemmtilegra þegar ég gerði mér almennilega grein fyrir því hvað þetta var í raun stór áfangi.

Hefur þú einhvern tímann unnið með einhverjum frægum?

Það eru svo margir sem ég hef unnið með sem eru stórir á sínu sviði. Ég hef gert alveg nokkrar myndatökur með bæði Sögu Sig sem er virkilega vinsæl í Bretlandi og Silju Magg sem er stór í New York og víðar í Bandaríkjunum. Ég hef líka unnið mjög oft með Berki sem tekur Nikita-myndirnar, hann er mjög flinkur og er farinn að vinna mikið með kvikmyndir. Svo var Andrea Helgadóttir make-up artist að farða mig fyrir myndatöku í sumar og hún var að segja mér að hún hafi verið að farða aðalleikarann í Social Network-myndinni, henni fannst það bara voða eðlilegt og var ekkert að gera mikið úr því. En hún býr í New York og er virkilega stór þar og hún hefur einmitt verið make-up artistinn hennar Bjarkar lengi. Þannig að það eru kannski frekar ljósmyndarar, make-up artistar og stílistar sem hafa unnið með einhverjum frægum einstaklingum, sem hafa svo líka unnið með mér heldur en einhverjir brjáláð frægir sem ég hef unnið beint með.

Það er líka mjög gaman hvað maður kynnist mörgu og ólíku fólki, ég væri til dæmis bara hin venjulegasta skólastelpa ef ég hefði ekki byrjað í þessu.

Er eitthvað stórt verkefni á döfinni hjá þér?

Ég er að fara að taka þátt í annari Nikita-myndatöku í október, hún verður tekin hérna heima á Íslandi og það verður örugglega virkilega gaman eins og alltaf. Svo er ég búin að vera með Sögu Sig og Hildi Yeoman, þær eru að undirbúa sýningu sem þær eru að fara að halda og ég verð að vinna með þeim í henni sem mér finnst mjög spennandi verkefni. Svo er draumurinn að komast eitthvað út eftir menntaskóla og reyna að fá einhver góð verkefni þar.

Eitthvað að lokum?

Þetta er virkilega skemmtilegur bransi og það er gaman að fá tækifæri til að gera eitthvað öðruvísi. Ég hef ekki enn kynnst slæmu hliðunum en það hlýtur að koma að því, þangað til nýtt ég bara þess góða. Það er líka mjög gaman hvað maður kynnist mörgu og ólíku fólki, ég væri til dæmis bara hin venjulegasta skólastelpa ef ég hefði ekki byrjað í þessu. Þetta byggir mann upp og hálfpar til við að styrkja sjálfstraustið og maður verður ósjálfrátt meiri félagsvera af því að vera stanslaust í kringum svona skemmtilegt og ólíkt fólk.



FRUMRAUN SEM BAÐFATA-
FYRIRSÆTA FYRIR NIKITA
Mynd: Börkur Sigþórsson



LOOKBOOK-MYNDATAKA
FYRIR KALDA, ÖNNUR
MYND ÚR ÞESSARI TÖKU
VAR NOTUÐ Í BRESKA
VOGUE Í SEPTEMBER
Mynd: Silja Magg



NIKITA-MYNDATAKA SEM FÖR
NÝVERIÐ FRAM Á ÍSLANDI
Mynd: Börkur Sigþórsson



Skærbleikur

Skærbleikir varalitir eru ótrúlega flottir við látlausu augnförðun. Það virðist þó vera mat margra að bleiki liturinn fari ljóshærðum konum betur en dökkhærðum, en það dæmir hver fyrir sig. Stíllinn filar bleikar varir á öllum.

Appelsínugulur

Appelsínugulu varirnar voru gríðarlega heitar í sumar og er um að gera að detta af og til í appelsínugula litinn til að poppa upp haustið og kuldann. Fyrir þær sem þora ekki alla leið er sniðugt að prófa kóralitinn, hann er með bleiku ívafi og gríðarlega flottur.




Dökkrauður

Dökkrauðar varir eru einstaklega heitar í haust. Dökki liturinn er dramatiskur og seiðandi og ætti að heilla margan karlpeninginn. Dökkrauði liturinn gerir þó það að verkum að varirnar minnka, svo konur með smáar varir ættu að halda sig frá litnum.

FYRIR ÞÆR SEM ÞORA

Litríkar varir hafa komið sterkar inn upp á síðkastið og er engin breyting á núna í haust. Dökkir, ljósir, skærir og dimmir varalitir eru allir tilvaldir til að poppa upp hina hversdagslegu förðun.



Dökkfjólublár

Það er eins með þennan lit og þann dökkrauða, hann gefur dramatiskt og seiðandi útlit en er þó örflítið djarfari en rauði liturinn. Dökkfjólublái liturinn er algjör töfvaravarylur og manar stíllinn þær sem þora að prófa.



Skærrauður

Skærrauði liturinn er mjög skemmtilegur og getur gert kraftaverk með látlausum klæðnaði eða farða. Það sem er einnig svo frábært við rauða varalitinn er að hann fer nánast öllum og gefur kvenlegt og þokkafullt útlit.



Klassískir kjólar sigra snákamynstur

Stjörnurnar í **Hollywood** þurfa sífellt að vera að klæða sig upp fyrir hina ýmsu viðburði. **Stíllinn** fór á stúfana og kíkti á hvaða stjórnur eru með'etta og hverjar ekki.



Emma Stone

Þessi rauðhærða bomba hefur slegið rækilega í gegn upp á síðkastið og kemur hún manni sífellt á óvart. Hérna er hún í gullfalleghum grábláum Lanvin-kjól sem stjarnan klæddist á frumsýningu myndarinnar The Help í Þýskalandi á dögnum. Emma er klárlega með'etta.



Kim Kardashian

Þokkadísinn klæddist þessu furðulega dressi á viðburði í Hollywood á dögnum. Það er sjaldan sem snákamynstrið kemur flott út og er beltið og háu stígvélin ekki að hjálpa til. Stíllinn er því ekki hrifinn af dressinu hjá dramadrottningunni í þetta skiptið.



Nicole Richie

Þessi sykursæta tískudrottning klikkar sjaldnast þegar kemur að fatavali og er þetta engin undantekning. Hún var svaka sæt og flott í stílhreinum kjól og flottum svörtum lágum stígvélum á Disney-viðburði í London á dögnum. Hún er alveg með'etta.



Sarah Jessica Parker

Sex And The City-stjarnan er langoftast með tiskuna á hreinu og veit hvað virkar. Hún virðist þó hafa misskilið eitthvað þegar hún valdi þetta dress fyrir viðburð í New York á dögnum. Þetta er engan veginn að virka og veldur stjarnan Stílnum miklum vonbrigðum.



Jennifer Hudson

Söng- og leikkonan flotta litur alveg fáránlega vel út þessa dagana. Það geislaði af henni hamingja og þokki þegar hún klæddist þessum flotta sigilda svarta kjól á opunarhátið í Chicago á dögnum. Hún er gjörsamlega með'etta, vel gert!



Lea Michele

Glee-söngfuglinn klæddist þessum Asos-míníkjól á frumsýningu þáttarins American Horror Story í síðustu viku. Þetta er hálfmishæppnað fataval hjá divunni. Kjóllinn er of stuttur, efri parturinn hálfasnalegur og heildarlúkkíð einfaldlega kjánalegt.

Getur ekki leikið steríótýpur

Stórleikarinn **Ingvar E. Sigurðsson** segist lukkunnar þamfíll sem hafi aldrei þurft að öfundast út í aðra sem gengur vel. Hann sagði **Monitor** frá Hollywood-leikurunum, listinni að lesa inn á hljóðbækur og nýjasta íslenska hasartryllinum.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Gollí

einar@monitor.is
gollí@mbl.is

Hverjar eru fyrstu minningar þínar tengdar leiklist?

Það er þegar ég var í barnaskóla og átti að leika í bekkjar-skemmtun. Það var búíð að „kasta“ mér í aðalhlutverk- ið en ég gugnaði á seinustu stundu. Ég endaði á að skipta við besta vin minn, hann fékk aðalhlutverk og ég fékk hlutverk varðmanns prinsessunnar.

Ætlaðir þú snemma að verða leikari?

Nei, ég hafði kannski ákveðna drauma sem krakki en ég gat ekki ímyndað mér að ég myndi nokkurn tímann þora því eða geta staðið í því.

Þú gekkst í Fjölbrotaskólann í Breiðholti og á Akra- nesi. Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?

Ég var bara eins og ég er, svona frekar laus við mikil læti. Ég var örlítið farinn að fíkta við leiklist þá og lék á svona einhverjum skólaskemmtunum, var með gaman- vísur um kennarana.

Þú ert fastagestur í Vesturbæjarlauginni. Hvað laðar þig sífellt að þessari laug og sundi almennt?

Ég hef alltaf farið mikið í sund, alveg frá því ég var lítill. Ég fór mikið í sund með þabba mínum og maður getur orðið háður hlutum eins og að fara í vatn. Þótt ég syndi ekki mikið þá fer ég mikið í sund, til dæmis til þess að verða meðvitaðri líkamlega. Maður gerir teygjur og þjálf- ar smá þrek og þá er gott að vera í pottinum og gufunni.



INGVAR Í EKKJUGERÐINI

Stórmyndin K-11: The Widowmaker kom út árið 2002 þar sem Ingvar fór með hlutverk Chief Engineer Gorelov. Í aðalhlut- verkum myndarinnar voru stjórnurnar Harrison Ford og Liam Neeson en myndin var byggð á sannsögulegri atburðarás um rússneskan kjarnorkukafbát í upphafi sjöunda áratugarins. Á meðal framleiðenda myndarinnar var Sigurjón Sigvatsson.

Þú hefur daðrað við Hollywood, til dæmis þegar þú lékst í myndinni K-11: The Widowmaker. Hefur það einhvern tímann verið markmið að komast inn í heim stórmyndanna?

Ég get svo sem alveg hugsað mér að gera meira af því en ekki eingöngu. Þetta dæmi með K-11 gerðist bara ósjálfrátt, ég stefndi ekki þangað heldur kom það til mín. Eftir það fékk ég mér umboðsmann sem gaukar að mér alls konar hlutum sem ég fer í prufur fyrir en í sjálfu sér væri ég löngu fluttur út ef ég hefði það virkilega sem markmið.

Hvernig kunnir þú við þig í félagsskap Harrison Ford og Liam Neeson?

Mjög vel bara, þetta eru ágætismenn en þeir eru reynd- ar mjög ólíkir. Ég kynntist þeim nú ekkert mjög persónu- lega þótt ég hafi spjallað aðeins við þá. Liam Neeson er fri, hann er þannig nær manni og er þannig karakter að maður gat miklu frekar spurt hann hvernig hann hefði það. Maður var ekkert að spjalla um fjölskyldumálin við þá og sérstaklega ekki Harrison Ford enda stóð hann í skilnaði á þessum tíma.

Var það öðruvísi að leika á mótí einhverri stórstjórn sem þú hafðir væntanlega séð í stórmyndum heldur en bara vini þínum úr leiklistarskólunum hér á Íslandi?

Það þarf auðvitað alltaf að byrja á að brjóta smá ís, en það er ekkert endilega frekar mín megin heldur en hans

megin. Það tekur smá tíma að brjóta þennan ís, maður finnur það alltaf en fyrir vana menn er það ekkert mál samt.

Hver er frægasti einstaklingurinn sem þú hefur hitt?

Ég hef svo sem hitt helling af frægu fólki en aldrei verið eitthvað sérstaklega upptekinn af því nema þegar ég hitti Cate Blanchett í fyrsta og eina skiptið. Hún hafði sem sagt séð mig á sviði og þekkti mig og þá varð maður svona alveg „starstruck“ í fyrsta skipti, enda hef ég alltaf haft miklar mætur á henni sem leikkonu.

Á sínum tíma var greint frá því að þú hefðir farið út í prufu fyrir Darth Maul í Star Wars. Var það alveg rétt sagt frá?

Já, ég fór út að vinna með svona „stunt director“ og svo hitti ég George Lucas aðeins svo hann gæti séð mig. Á endanum réðu þeir „stunt artist“ í þetta hlutverk. Svo lék nú reyndar Liam Neeson í myndinni og ég sagði honum að ég hefði farið í prufur og hann sagðist nú ekki ánægður með þennan Darth Maul, sagði að ég hefði miklu frekar átt að gera þetta (hlær).

Heldur þú sem sagt sambandi við Liam Neeson?

Hann lét mig hafa númerið sitt á sínum tíma og ég hef tvisvar sinnum reynt að hringja í hann. Reyndar svaraði hann í hvorugt skiptið (hlær). Hann hringdi hins vegar í mig þegar hann var að leika hérlandis.

MJÓRÓMA ILLMENNI

Árið 1999 kom Star Wars: Episode I – The Phantom Menace út sem þó var fjórða myndin úr þessari goðsagnakenndu seríu sem gefin var út. Eins og fram kemur í viðtalinu var okkar maður, Ingvar E. Sigurðsson, sendur út í prufu fyrir hlutverk hins illa Darth Maul en að lokum var það bardagakappinn og áhættuleikarinn Ray Park sem hlaut hlutverkið. Skemmst er frá því að segja að Park þótti svo mjó- róma að hann var að endingu talsettur af öðrum leikara. Eftir Darth Maul hefur hann ekki verið ykja áberandi í Hollywood þótt hann hafi að visu leikið Toad í X-Men.



Að sama skapi heyrði maður að þú hefðir verið nálægt því að landa hlutverki hins illa Silas í stórmyndinni Da Vinci Code. Hvernig vildi það til?

Ég fór sem sagt fyrst í tvær prufur, fyrri var einhvers konar sía sem ég komst í gegnum, og eftir þær komst ég í það að vinna alveg í senunum með leikstjóranum, Ron Howard. Það var rosalega fint, við áttum mikið spjall, en svo völdu þeir einhvern frægari í hlutverkið.

Horfir maður eftir svona hlutverki með pirringi eða eftirsjá?

Nei, nei, auðvitað sér maður kannski þínu eftir þessu bara um leið og maður fær svarið, þú veist: „Því miður, þú fékkst ekki hlutverkið, við völdum áhættuleikara í staðinn“. Það er kannski þínu leiðinlegra þegar maður er kominn svona langt, eins og í tilfellinu með Silas. Það er samt ekki eitthvað þannig að það sitji lengi í mér, ég hef líka alltaf haft nóg að gera.

Í augum margra er Englar alheimsins besta íslenska kvikmyndin sem gerð hefur verið. Hvenær horfðir þú síðast á þá mynd?

Það var um einhver jól, fyrir nokkuð löngu síðan, þegar hún var sýnd í sjónvarpinu. Ég ætlaði ekkert að horfa á hana en svo var einhvern veginn öll fjölskyldan mætt inn í stofu að horfa á hana.

Horfir þú oft á myndir með sjálfum þér?

Ég horfi aldrei á neitt með mér. Það kemur

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 221163.

Upphaldsmatur: Lambkjöt.

Upphaldshlutverk hingað til: Ég get ekki gert upp á milli hlutverka.

Upphaldsstaður í heiminum: Ísland.

kannski fyrir að ég fái til dæmis senda stuttmynd á DVD sem ég hef leikið í og þá horfi ég á hana til að sjá útkomuna en að horfa á eitthvað með sjálfum mér aftur og aftur er eitthvað sem ég hef engan áhuga á.

Þú hrepptir hlutverk Erlends í Mýrinni. Hvernig undirbýr maður sig fyrir að leika karakter sem svo margir þekkja fyrir úr bókunum hans Arnalds Indriðasonar?

Það er bara að lesa allar bækurnar og skoða karakterinn frá öllum hliðum. Það er oft mjög áriðandi að skoða forsögu persónunnar og Arnaldur var sem betur fer búinn að skrifa mikið af henni. Ég hitti Arnald sjálfan ekki neitt fyrr en löngu eftir að myndin var frumsýnd. Það hvarflaði nú að mér að bera einhvern tímann eitthvað undir hann en síðan gerði ég það aldrei.

Fannst þú fyrir mikilli pressu fyrir að leika þetta tiltekna hlutverk?

Já, ég fann fyrir pressu fyrir Mýrina en mér leið ekki illa að vinna þetta af því að ég var eitthvað óöruggur eða neitt þannig. Ég las þessar bækur, og þá sérstaklega Mýrina, og fann þráð í Erlendi sem mér fannst ég geta ráðið við og þá var ekkert að óttast lengur.

Ef þú værir ekki leikari, við hvað myndir þú starfa?

Það er nú ekki vinsælt að segja





viðtalið

PETTA EÐA HITT

Leikhús eða bíó? Ég þarf á leikhúsinu að halda og þegar ég er búinn að slíta mér út í leikhúsi þá getur verið hvíld að fara í bíóið.

Bókin Englar alheimsins eða myndin? Kjarninn er alltaf bestur.

Þjóðleikhúsið eða Hollywood? Þjóðleikhúsið.

Hvort myndir þú frekar vilja vinna sem sundlaugavörður í Vesturbæjarlaug eða afgreiða pylsur á Bæjarins beztu? Sundlaugavörður í Vesturbænum, það er gott að vera nálægt vatni og svo er það nær heimilinu mínu.



það núna en ég ætlaði alltaf að verða prestur þegar ég var yngri. Ég hef alltaf haft svakalegan áhuga á mannskepnunni og því að rannsaka hana þannig að það er alveg hugsanlegt að maður væri í einhverju á því sviði. Það hefur alltaf heillað mig að velta fyrir mér af hverju maðurinn er eins og hann er og þá til dæmis mannfræði, fornleiffræði, sálfræði og sagnfræði.

Leikhópurinn Vesturport, sem þú ert stofnmeðlimur í, hefur skapað sér nafn á heimsvísu á undanförunum árum. Hver er galdurinn á bak við velgengni hópsins?

Ég held að galdurinn sé að gleyma ekki að hugsa um hvort annað af virðingu og meta hæfileika hvers annars og það er fyrst og fremst það sem hefur haldið þessum hópi gangandi. Í rauninni erum við mjög ólíkir einstaklingar og það er voðalega auðvelt að gera bara eitt verkefni og svo sundra hópnum af því að það verða kannski margir árekstrar á leiðinni. Ef maður hefur hins vegar í huga að gæta hvers annars, ekki bara að hugsa um sjálfan sig, þá verður ferlið miklu sterkara og þá er grundvöllurinn til einhvers framhalds og það er það sem hefur gert Vesturport að því sem það er.

INGVAR OG ERLENDSDÓTTIR

Árið 2006 lék Ingvar Erlend í Myrinni og í sömu mynd fór leiknonan Ágústa Eva Erlendsdóttir með hlutverk dóttur hans, Evu Lind Erlendsdóttur. Nú liggja leiðir þeirra saman á ný í hasartrýllinum Borgríki þar sem þau fara með sitt hvort aðalhlutverkið. Jafnframt má búast við því að sjá þau aftur saman á hvíta tjaldinu innan tveggja ára en gert er ráð fyrir að önnur myndin um lögglummanninn Erlend, Grafarþögn, komi út árið 2012.



Í myndinni Borgríki, sem er frumsýnd um helgina, leikur þú gallharðan glæpaforingja. Hvort finnst þér skemmtilegra að leika vonda karla eða góða karla?

Þegar ég er að leika þá leik ég helst ekki steriótýpur, ég bara get það ekki. Ég skoða hlutverk ekki með því hugarfari að einhver sé vondur eða góður. Ef ég gerði það þá myndi hlutverkið bara deyja í höndunum á mér því það er ekkert spennandi að horfa á karakter sem er í einhverju einu vondu ástandi. Hins vegar er manneskjan svo breysk að það er enginn algóður eða alvondur. Þótt það sé hægt að finna einhverjar algjörar skepnur, þá trúi ég að í þeim megi alltaf finna einhverja samkennd. Ef þú ert að leika svona skepnu, þá þarftu að

hugsa við hvaða mögulegar aðstæður gæti þessi manneskja verið bara „nice guy“ og síðan öfugt. Gunnar Gunnarsson, sem ég leik í Borgríki, er að vissu leyti vondur maður en ég leik hann ekki þannig. Hann er þannig skrifaður og í myndinni sérðu vondu hliðina á honum en ég hugsa hann ekki þannig.

Myndin fjallar um undirheima og skuggahlíðar Reykjavíkurborgar. Þarf maður að kynna sér undirheimana áður en maður leikur svona glæpaforingja og fara á einhvern vettvang?

Ég gerði það ekki að þessu sinni og hafði engan áhuga á að kafa djúpt í það með því að fara inn í þann heim raunverulega. Hins vegar græðir maður heilmikið á því að hlusta á sögur frá þeim sem hafa verið „neðanjarðar“ og það var eiginlega minn helsti undirbúningur. Það eru margir sem maður hefur kynnst á lífsleiðinni sem hafa lent í ýmsu og að þessari mynd vann meira að segja fólk sem hefur verið á grensunni og það var ófeimið við að hjálpa með því að segja sína sögu.

Þú hefur lagt stund á karate og víkingaþrek í Mjölni. Nýtist það við gerð svona myndar?

Já, já, karate nýtist alltaf, hvað sem ég er að leika. Það er svo mikill agi í því og það smitast í rauninni inn í bara allt sem maður gerir.

Þú leikur ekki bara aðalhlutverk í Borgríki heldur ert líka framleiðandi myndarinnar. Hvað felur það í sér?

Það eru til alls konar framleiðendur. Við erum með einn aðalframleiðanda sem heitir Kristín Andrea Þórðardóttir og ég er svona hliðarframleiðandi. Mitt hlutverk var aðallega að afla fjár fyrir verkefnið og að ráða erlenda leikara til starfa í myndina, bara af því að maður hafði ágætissambönd við hina og þessa.

Undanfarið hefur þú einnig verið að lesa sögur Arnalds Indriðasonar inn á upptökur fyrir hljóðbækur. Er það ekki þægilegasta vinna í heimi, að fá borgað fyrir að tala?

Það er erfiðara en fólk grunar. Í fyrsta lagi þarf lestrartæknin að vera þess eðlis að maður sé lifandi, þannig að fólk missi ekki þráðinn, en þó má maður ekki vera tilgerðarlegur. Svo þarf maður að passa upp á að það sé jöfn munnvatnsframleiðsla svo maður þorni ekki fljótt í munninum eða að framleiðslan sé of mikil því annars er maður alltaf að stoppa. Síðan þarf maður að huga að því að vera búinn að borða vel áður en maður les, en samt ekki of mikið né of lítið því mikkrofóðinn nemur allt garnagaul. Mikkrofóðinn er svo svakalega næmur að maður þarf meira að segja að vera rétt klæddur í stúdíóinu, það er bannað að vera í skyrtu sem skríjar í. Hann nemur það meira að segja þegar þú sjálfur ert hættur að hugsa um hvað þú ert að lesa, þú verður að vera alveg rosalega einbeittur. Að lokum þarf að passa upp á að það skráfi ekki í pappírnum, þess vegna þykir best í dag að geta lesið sögurnar af iPad.

Þið Baltasar Kormákur og Hilmir Snær leikið saman í Listaverkinu í Þjóðleikhúsinu. Þið settuð upp nákvæmlega sama verk þrjár saman fyrir fjórtán árum. Hefur eitthvað breyst?

Við erum að gera þetta á svipuðum nótum nema að við erum allir þroskaðri og vonandi betri. Við höldum að við höfum þroskast í rétta átt. Þetta vakti mikla lukku fyrir fjórtán árum og við töluðum oft um að við gætum endurtekið þetta af því að þessir menn, persónurnar, geta verið frá þritugu og alveg upp í sextugt, jafnvel eldri. Síðan varð það úr að Þjóðleikhúsið kom með þessa hugmynd.

Þið Hilmir Snær eruð stundum nefndir til leiks sem stærstu nöfnin í leikarabransanum á Íslandi. Er enginn ríður ykkar á milli?

Nei (hlær), ég get fullyrt að svo er ekki. Í algjörru hreinskilni erum við miklir mátar. Hvorugur okkar hefur þurft að kvarta undan verkefnaleysi. Það er kannski vegna þess að maður hefur verið þannig lukkunnar þamfill að maður öfundast ekki út í nokkurn mann sem gengur vel. Það er bara gleðiefni ef að öðrum gengur vel af því að það bara veit á gott, maður er ekkert einn í þessu. Í gegnum tíðina hef ég alltaf leitast eftir jafnvægi í því sem ég er að gera frekar en of miklum hagvexti.

Hvað er á döfnni hjá þér?

Næst á dagskrá er að ég er að fara að leika á norsku í Þjóðleikhúsi Norðmanna. Þau ætla að setja þar upp Hamskiptin í uppsetningu Vesturportsins og við Gísli Örn förum þar með hlutverk ásamt norskum leikurum.

Maður var ekkert að spjalla um fjölskyldumálin við þá og sérstaklega ekki Harrison Ford enda stóð hann í skilnaði á þessum tíma.

NÝIR
OG SPENNANDI
RÉTTIR!

HOLLT OG GOTT!

Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!

SERRANO.IS



6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI


serrano
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Einar Bárðarson
Á forsíðu: 26. ágúst 2010
Fyrirsögn viðtals: Snýst um að standa upp og halda áfram

Líf og fjör. Á sama tíma og ég var á forsíðunni byrjaði ég meistaranám í viðskiptum og stjórnun hjá Háskólanum í Reykjavík. Það hefur gengið vonum fram og ég hef gríðarlega gaman af því. Á sama tíma hef ég náttúrulega verið að djöflast í Kananum FM100.5. Markmiðið þar er sem fyrr að gera stöðina þá stærstu í aldrinum 18 til 49 ára sem er verðmætasti markhópurinn. Þetta er eins og 15 manna heimili fullt af skapandi og skemmtilegum einstaklingum. Núna erum við að skerpa línurnar enn frekar. Ég fór líka í það að framléiða sjónvarpsþátt á MBL sjónvarpinu með Loga Geirs. Hann gekk út á það að Logi ætlaði að koma mér í form. Eini sem léttist við það var Logi, þetta var svo mikil áreynsla fyrir hann. Nú hafa hinsvegar leikar snúist og hann hefur skorað á mig að gera sig að poppstjörnu. Það verður nú eitthvað ævintýri, maður. Svo er maður alltaf að reyna að eiga gæðastundir með börnunum og konunni sem ég elska svo mikið.



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Þórhallur Þórhallsson
 dagsetning 10. október 2011 15:32
 titill LOL-mail Monitor

Heill og sæll Þórhallur jr. Nú er að sjá hversu fánánlega fyndinn þú ert. Svo máttu skora á einhvern sem er jafnvel enn fyndnari. Ef það er mögulegt. Hafðu það ljúft, kv. JRJ

Sælir JRJ
 Ef það er eitthvað sem við uppi-standarar elskum þá er það LOL í þriðja veldi.

Kennari er að kenna lögfræði. "Vit-ið þið hver refsingin við tvíkvæni er?" spurði hann nemendur sína. Einn neminn réttir upp hendina og svarar: „Já, tvær tengdamömm-ur.“

En þar sem að það er svo stutt í að keppnin Fyndnasti maður Íslands byrji aftur þá ætla ég að skora á þann sem vann keppnina árið 1999. En það er enginn annar en krúttsprengrinn hann Pétur Jóhann Sigfússon.

Bestu kveðjur, Þórhallur

Þetta er allt góður plús

„Kúl, en gaman,“ eru fyrstu viðbrögð Sóleyjar þegar henni er tjáð að platan hennar, We Sink, sé hástökkvari Tónlistans þessa vikuna. Platan, sem er jafnframt hennar fyrsta breiðskífa, situr nú í 9. sæti og stekkur upp um tíu sæti frá því í síðustu viku. „Ég bjóst nú ekki við svona góðum viðbrögðum enda er þetta kannski ekki mesta „mainstream“-tónlistin. Ég hef samt heldur ekki beint verið að þæla mikið í þessari sölu, en þetta er allt bara góður plús,“ bætur hún við en Sóley hefur áður staðið í plötuútgáfu með hljómveitinni Seabaer auk þess sem hún gaf út EP-plötu í fyrra. „Platan kom út í byrjun september og var gefin út bæði hérlendis og í rauninni út um allan heim eða þannig. Það er þýskt plötuframtækni sem gefur hana út erlendis og er með dreifingu í ansi mörgum löndum.“ En hvernig fylgir maður svona hástökki eftir? „Ég spila á Airwaves á einu giggi á dagskrá hátíðarinnar og nokkrum „off venue“ og svo er ég reyndar aðeins að fara út í nóvember og lítinn túr í desember, bara einhver fimm gigg, að fylgja plötunni eftir.“ Þrátt fyrir þokkalegt tónleikahald eftir útgáfu plötunnar hefur hún ekki haldið neina formlega útgáfutónleika en segir að kannski fari þeir fram fyrir áramót. Monitor óskar Sóleyju góðs gengis og vonar bara að platan sökkvi ekki niður listann, þótt vissulega væri það í anda nafnsins.



HÁSTÖKKVARI VEKUNNAR



ELTI HRELL IRINN



@hvorvarhafliða Hjórvor Hafliðason Skjár Einn er opinn hjá mér. Hlakka til að sjá viðtal við Ásgeir Davíðsson veitingamann og Kópavogsbúa. 10. október kl. 21:45

HoddiMagnusson Hörður Magnússon @HH Hann er sómi sverð og skjöldur Kópavogs.Ímynd bæjar-ins? #ásamtgunnabirgiss

hvorvarhafliða Hjórvor Hafliðason @HM Framtaksamur strákur. En við skulum ekki gleyma Emilíönu Torrini skærustu stjórn lands-ins, mikill Kópavogsbúi og MK-ingur. 11. okt. kl. 09:35

Manipeturs Máni Pétursson @nesirokk @HH @HM mér finnst þið ættuð allir að skammast ykk-ar. Sigurjón Kjartans Hertoginn er það eina góða úr kóp kl. 09:48

nesirokk Hannes Friðbjarnarson @MP @HH @HM Sigurjón er

ágætur en bæði Sindri og Kjartan bræður hans eru snillingar, sem og Drgunni og Insol kl. 09:51

Manipeturs Máni Pétursson @HF @HH @HM já hugsa sé gamli kópavogur var krútt. Nýji kópavogur er bara anall. til hamingju með það kl. 09:54

HoddiMagnusson Hörður Magnússon @MP @HF @HH Tekur of langan tíma að telja upp snillinga Hafnarfjardar.Fremstir í tónlist,leiklist og sporti.

nesirokk Hannes Friðbjarnarson @HM @MP @HH sport og leiklist kannski, en Kóp er alveg á pari í músík #riotrio kl. 10:07

Manipeturs Máni Pétursson @HM @HF @HH Þeim fer mjög fækkandi. Silfurskeiðin viðrist einfaldlega hafa yfirburði í þessu í dag. 15%inn kl. 10:17

nesirokk Hannes Friðbjarnarson @HM @MP @HH þegar ég var ungur þá voru leftovers í FG, alvöru fólk var áfram í MK #fraebblarnir #insol kl. 10:24

nesirokk Hannes Friðbjarnarson @HM @MP @HH leiklist? við í kópavoginum vinnum alvöru vinnur, höngum ekki á kaffihúsum #torrini #móa #drgunn 10:31

HoddiMagnusson Hörður Magnússon @HF @MP @HH Thetta unga fólk í dag... 11. október kl. 10:36

gunnarsigur Gunnar Sigurðarson @HF @HM @MP @HH Lífi Kópavog-ur minn kæri, en ekki fokka í FG takk 11. október kl. 10:58

hvorvarhafliða Hjórvor Hafliðason @gunnarsigur @nesirokk @Manipeturs fg er fyrir MK rejects! 11. október kl. 11:51



TÓNLISTINN

Vikan 6. - 13. október 2011

- 1 Mugison** Haglél
- 2 Of Monsters And Men** My Head Is An Animal
- 3 Helgi Björns & reiðmenn vindanna** Ég vil fara uppí sveit
- 4 Jón Jónsson** Wait For Fate
- 5 HAM** Svik, harmur og dauði
- 6 Bubbi** Ég trúi á þig
- 7 Adele** 21
- 8 Úr söngleik Borgarleikhússins** Galdrakarlinn í Oz
- 9 Sóley** We Sink
- 10 Gus Gus** Arabian Horse

Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ríð-um sem fjandinn Helgi Björns & Reið-menn vindanna Þú komst í hlaðið Valdimar Undraland Árstíðir Svefn og vöku skil Felix Bergsson Þúgull nött-in Einar Scheving Land míns föður Björgvin & Hjartagosarnir Leiðin heim Steindinn okkar An djóks ... samt djók Skálmöld Baldur Úr leikriti Karde-mommubærinn Bessi Bjarnason segir börnunum sögur Úr leikriti Dýrin í Hálsaskógi Óðinn Valdimarsson Er völl-ur grær Úr leikriti Kariús og Baktus/ Siglaðir söngvarar Helgi Björnsson Kampavín Ýmsir Manstu gamla daga: 1970-1979 Ýmsir Pottþétt 55 Agent Fresco A Long Time Listening Magnús og Jóhann Ástin og lífið 1971-2011 Björk Gling gló

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötufram-leiðenda og inniheldur slútlötur síðastlið-innar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 6. - 13. október 2011

- 1 Of Monsters And Men** Little Talks
- 2 Mugison** Stíngum af
- 3 Adam Levine / Christina Aguilera** Moves Like Jagger
- 4 Elín Ey / Pétur Ben** Þjóðvegurinn
- 5 Jón Jónsson** Wanna Get In
- 6 Bubbi Morthens** Slappaðu af
- 7 Adele** Set Fire To The Rain
- 8 Rihanna** Cheers (Drink To That)
- 9 Red Hot Chili Peppers** Adventures Of Rain Dance
- 10 Coldplay** Paradise

HAM Dauð hóra Foster The People Pumped Up Kicks Kelly Clarkson Mr. Know It All Chris Medina What Are Words Hjálmar Ég teikna stjórn Awolnation Sail Ourlives Blissful Ignorance Lady Gaga You And I Snow Patrol Called Out In The Dark Valdimar Brotlentur David Guetta feat Taio Cruz Little Bad Girls Mannakorn Á meðan sumar framhjá fer JLS / Dev She Makes Me Wanna Jón Jónsson Always Gonna Be There Will Young Jealousy Eyþór Ingi Þá kem ég heim Of Monsters And Men King and Lionheart LMFAO Sexy And You Know It Steindi JR / Bent / Matti Matt Gull af mönnum Bruno Mars Merry You

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötu-framléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



The Beatles glasasett: 4.900 kr.



Scandiphone símar: 9.990 kr.



Buckyballs segulboltar: 4.500 kr.



mimobot 4GB USB kubbar: 4.500 kr.

Ný og skemmtileg gjafavara í Dogma Smáralind og Laugavegi





*Christina
Aguilera*

Secret Potion


YOUR SECRET TO SHINE



THE NEW FRAGRANCE

CHRISTINA-AGUILERA-PERFUMES.COM

Í síðustu viku féll **Steve Jobs**, helsti brautryðjandinn í þróun tölva, frá. **Monitor** tók saman nokkrar staðreyndir um þennan hugsjónamann sem sagðist vilja dælda alheiminn og tókst það líklega þegar öllu er á botninn hvolft.



Dældaði alheiminn



Ferill

Steve Jobs

Þótt ferill Steve Jobs hafi verið farsæll var vegur hans að velgengi ekki alltaf beinn og greiður. Hér má sjá valda punkta úr ferli mannsins.

1976 Stofnar Apple Computer ásamt Steve Wozniak.

1984 Kynnir til leiks heimilistölvuna Macintosh 128k.



1985 Rekinn frá Apple vegna ágreinings við aðra stjórnarmenn sem hann réó til fyrirtækisins.

1986 Stofnar tölvuteiknifyrirtækið Pixar.

1997 Snýr aftur til Apple.

2001 Apple kynnir fyrsta iPod-inn.



2003 Apple gefur út iTunes.

2004 Undirgengst aðgerð til að fjarlægja æxli úr brisinu.

2007 Apple gefur út iPhone.



2009 Tekur sér sex mánaða hlé til að undirgangast lifrari-græðslu.

2010 Apple gefur út iPad.



2011 Hættir sem framkvæmdastjóri Apple vegna veikindanna.

„iPod, sími og handhægt vefsamskiptatæki, þetta eru ekki þrjú aðskilin tæki. Við köllum það iPhone. Í dag mun Apple finna upp símann á nýjan leik, og hér er hann.

Sagt við kynningarathöfn fyrstu útgáfu iPhone.

„Ég er jafnstoltur af því sem við gerum ekki og því sem við gerum.“

Sagt í viðtali við Businessweek um fyrirtækið Apple.

„Það er ekki hægt að spyrja kúnna bara hvað þá langar í og reyna að færa þeim það. Þegar sú vara er tilbúin, þá munu þeir vilja eitthvað nýtt.“

Sagt í viðtali við Inc. Magazine

„Langar þig að verja restinni af ævi þinni í það að selja sykrað vatn, eða langar þig að breyta heiminum?“

Sagt við John Sculley, farsælasta markaðsstjóra í sögu PepsiCo., þegar hann var að reyna að sannfæra hann að ganga til liðs við Apple. Það tókst.

„Það að muna að dag einn eigir þú eftir að deyja er besta leiðin til að forðast þá gildru að halda að þú hafir einhverju að tapa. Þú ert nú þegar nakinn. Það er engin ástæða fyrir því að þú ættir ekki að fylgja hjartanu.“

Sagt við ræðu sem Jobs flutti við útskrift Stanford-háskóla árið 2005.


Ræðan er uppfyll af frábærum boðskap og gæti ein og sér fyllt út heilan gullkornadálk.

Hvetjandi hugsjónamaður

Jobs átti sér milljónir áhængenda út um víða veröld sem hlýddu gaumgæfilega á hvert einasta orð þessa merka manns. Hér má lesa nokkrar af hans fleygustu setningum.



**TVEIR KLÁRIR OG RÍKIR
Á GÓÐRI STUNDU**



**NAFNARNIR JOBS OG WOZNAK UM
ÞAÐ LEYTI SEM ÞEIR STOFNUÐU APPLE**

Steven Paul Jobs

Fæddur 24. febrúar 1955 - Lést 5. október 2011

Kynforeldrar Jobs voru Joanne Schieble, Bandaríkjamaður af þýskum og svissneskum uppruna, og Abdulfattah Jandali, Sírlendingur. Faðir Joanne var andvígur sambandi þeirra og fyrir vikið urðu þau að láta Steve litla af hendi til ættleiðingar. Hann var ættleiddur fimm ára að aldri af þeim Paul og Clara Jobs sem Steve kallaði alla tíð foreldra sína.

Jobs tók aðeins eina önn í háskóla, Reed College, árið 1972 en flosnaði upp úr námi.

Árið 1974 hélt Jobs til Indlands með tveimur félögum sínum. Þegar hann sneri til baka hafði hann rakað af sér allt hár, farið að klæðast indverskum munderingum og tekið upp búddatrú. Í sömu ferð segist Jobs hafa prófað ofskynjunarlyfið LSD,

sem hann sagði mjög mikilvæga lífsreynslu á þeim tíma.

Steve Jobs var grænmetisæta sem þó borðaði fisk og sjávarrétti, svokallaður „pesceterian“.

Steve Jobs lést af völdum krabbameins í brisi. Hann greindist upphaflega með krabbamein árið 2004.


Steve Jobs var jarðsunginn föstudaginn 7. október við litla athöfn í kirkjugarði í Palo Alto, Kaliforníu.

Einu ævisögu Jobs, sem rituð var með hans leyfi, er ætlað að koma út 24. október. Stórfyrirtækið Sony hefur nú þegar keypt kvikmyndaréttinn á bókinni fyrir sjö stafa upphæð í dollurum.

Jobs vs. Gates

Ásamt Steve Jobs er Bill Gates án efa sá einstaklingur sem hefur mótað þróun heimilistölva mest á síðustu áratugum. Fyrir vikið var samkeppnin milli þessara tveggja risa iðulega mikil og var þeim gjarnan stillt upp sem óvinum. Eitt af eftirminnilegum atvikum úr samkeppni þeirra tveggja var í heimildarmyndinni Triumph of the Nerds þar sem Jobs lét út úr sér að það sem færi í taugarnar á honum við Microsoft væri að þeir hefðu gjörsamlega engan smekk. Sagan segir að eftir að myndin var gefin út hafi hann hins vegar séð að sér og hringt í Bill Gates til að biðjast afsökunar. Það var hins vegar ekki svo að hann tæki þetta allt til baka, heldur baðst hann afsökunar á að hafa sagt þetta opinberlega en ítrekaði þó við Gates að honum þætti hann smekklaus.

Þótt samkeppni þeirra hafi oft og tíðum verið hörð og grimm ríkti á milli þeirra mikil gagnkvæm virðing eins og sjá má á orðum Bill Gates þegar hann var beðinn um að nefna þann framkvæmdastjóra í viðskiptaheiminum sem hann bæri mesta virðingu fyrir í janúar 1998: „Sem hvetjandi leiðtogi er Steve Jobs sá besti sem ég hef hitt“. Árið 1999 var myndin Pirates of Silicon Valley gefin út sem er leikin mynd um upphafsár Microsoft og Apple. Þar fer leikarinn Noah Wyle, sem gerði garðinn frægan í E.R., með hlutverk Steve Jobs.



PIXAR STUDIOS VAR EITT AF HUGVERKUM STEVE JOBS

Viðbrögðin á netinu

Eftir að tilkynnt var um fráfall Steve Jobs loguðu netheimar sem aldrei fyrr. Monitor tók saman viðbrögð nokkurra stórstjarna.



AF TWITTER:

„Our parents

had JFK, we had Steve Jobs. Edison gave us electricity, Jobs gave us the Jetsons in real life. We lost an icon today. Mourn him.“

- Kevin Smith, kvikmyndaleikstjóri



„For those of us lucky enough to get to work with Steve, it's been an insanely great honor. I will miss Steve immensely.“

- Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft



„Devastated 2 hear about the passing of Steve Jobs. Was blessed 2 have the opportunity to spend time w/ him on several occasions. May he RIP.“

- Lance Armstrong, hjólréiðagoðsögn




„Steve Jobs was the man.“

- Tony Hawk, hjólabrettagoðsögn



„As I type on my iPhone, tears spring2 my eyes4an amazingMan I never met. His genius has touched us all. Steve Jobs, you will b/with us 4ever.“

- Tyra Banks, fyrirsæta og þáttastjórnandi



„RIP Steve Jobs


- thanks to one of your inventions my life was changed. You will be missed but not forgotten!“

- Justin Bieber, poppstjarna



„Wow Steve Jobs died! He was a brilliant man!“

- Kim Kardashian, glamúrprinsessa



AF FACEBOOK:

„Steve, thank you for being

a mentor and a friend.

Thanks for showing that what you build can change the world. I will miss you.“

- Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook



Rúllukragi, gallabuxur og hlaupaskór



1998 1999 2001 2004 2005 2007 2008 2009 2010

Steve Jobs sneri til baka til Apple árið 1997. Um svipað leyti tók hann upp fatastíl sem hann hélt tryggð við nánast hvar sem hann kom opinberlega fram alveg til dauðadags. Stíllinn hans var einfaldur og stílhreinn, ef til vill eins og vörurnar sem Apple framleiddi, og samanstóð af svörtum rúllukragabol (nefndir „mock turtleneck“) frá merkinu St. Croix, bláum Levi's-gallabuxum í hinu sígilda 501 sniði og New Balance-hlaupaskóm. Um hvers vegna Jobs kaus að klæða sig alltaf í sama gallann hefur ýmislegt verið ritað en einn samstarfsmanna hans hjá Apple, Steve Chazin, lét hafa eftir sér að Jobs vildi klæða sig látlaust einfaldlega til að að áherslan væri alltaf á vörum sem hann væri að kynna og vörumerkinu, en ekki honum sem einstaklingi. Þess má geta að peysuframleiðandinn greindi frá því í síðustu viku að sala á „mock turtleneck“-peysunum hefði rokið upp eftir fráfall Jobs og seldist svarta týpan sem hann var vanur að klæðast meira að segja upp á vefverslun fyrirtækisins. Fyrir hverja selda peysu, sem kostar 175 dollara, renna 20 dollarar til Ameríska krabbameinssjóðsins.

FERILLINN



Owen Wilson

Hæð: 179 sentimetrar.

Besta hlutverk: John Beckwith í Wedding Crashers.

Staðreynd: Wilson er góður vinur Ben Stiller og saman hafa þeir leikið í tíu myndum.

Eitruð tilvitnun: „Hollywood er eins og framhaldsskóli. Þeir sem leika í sjónvarpsþáttum eru á fyrsta ári, grínleikarar eru kannski á þriðja ári en dramaleikarar eru virkilega flottir lokaársnemar.“

1968 Fæðist 18. nóvember í Dallas í Texas-fylki í Bandaríkjunum.

1996 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd sem Dignan í kvikmyndinni Bottle Rocket. Hann skrifaði handritið með Wes Anderson. Sama ár leikur hann í The Cable Guy.

1999 Leikur á móti Sheryl Crow í myndinni The Minus Man. Skömmu síðar byrja þau saman og entist sambandið í tvö ár.

2000 Landar sínu stærsta hlutverki til þessa þegar hann leikur á móti Jackie Chan í grínhasarnum Shanghai Noon.

2001 Frægðarstjarnan rís hærra þegar hann leikur á móti Ben Stiller og Will Ferrell í Zoolander. Sama ár leikur hann í The Royal Tenenbaums. Hann og Wes Anderson eru tilnefndir til Óskarsverðlauna fyrir besta frumsamda handritið.

2004 Leikur Ken Hutch í Starsky & Hutch á móti Stiller. Sama ár leikur hann í The Life Aquatic with Steve Zissou þar sem hann leikur son Bill Murray, Ned.

2005 Leikur á móti Vince Vaughn í Wedding Crashers. Myndin þénar yfir 200 milljónir dollara í Bandaríkjunum.

2007 Vinnur enn og aftur með Wes Anderson, nú í myndinni The Darjeeling Limited ásamt Jason Schwartzman og Adrien Brody. Í ágúst mánuði er Wilson fluttur á sjúkrahús eftir sjálfsvígstílaun en Wilson hafði þá þjáðst af þunglyndi.

2011 Eignast, ásamt kærustu sinni, Jade Duell, soninn Robert Ford Wilson í janúar. Sama ár leikur hann í mynd Woody Allen, Midnight in Paris.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Borgríki

Mikil leynd hvílir yfir söguþræði myndarinnar en ljóst er að hér er á ferðinni nútímaglæpasaga í reykvískum raunveruleika. Myndin segir frá serbneskum bifvélavirkja sem missir ófætt barn sitt í árás þegar meðlimir íslensks glæpahrings ráðast inn á heimili hans. Í hefndaraðgerðum sínum gegn þeim tvinnast örlög hans saman við lögreglukonu sem ýtt er út á ystu nöf, spilltan yfirmann hennar í fíkniefnadeild lögreglunnar og glæpakóng sem er að missa tókin á veldi sínu. Myndin hefur erlent yfirbragð þrátt fyrir íslenskan veruleika.

Aðrar frumsýningar: Hetjur Valhalla, Þór – Winnie the Pooh – Midnight in Paris – Footloose – The Thing

FRUMSÝND 14. OKT.

Leikstjórn: Ólafur Jóhannesson.

Aðalhlutverk: Jonathan Pryce, Ingvar Eggert Sigurðsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Björn Hlynur Haraldsson, Björn Thors, Zlatko Krizic, Gísli Örn Garðarsson og Ágústa Eva Erlendsdóttir.

Lengd: 90 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð börnum yngri en 14 ára.

Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og um land allt.

f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á Borgríki, fylgstu með...

facebook.com/monitorbladi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

FIMMTUDAGUR 13.10.11

Sinfónían á Airwaves

Kl. 20:00

Valgeir Sigurðsson: *Draumalandið*

Kl. 21:00

Daniel Bjarnason: *Processions and Birting*
Víkingur Heiðar Ólafsson: *einleikari*

Kl. 22:00

Steve Reich: *Different Trains*

Flytjandi: *ICE (International Contemporary Ensemble)*

Sinfónían tekur nú þátt í Iceland Airwaves-hátíðinni í Reykjavík í fyrsta sinn. Flutt verða verk eftir meðlimi úr Bedroom Community; Valgeir Sigurðsson og Daniel Bjarnason. Auk þess mun einn fremsti nútímatónlistarhópur Bandaríkjanna, ICE, flytja eitt af meistaraverkum mínimalismans, Different Trains, eftir Steve Reich.

Miðaverð: 2.500 kr. (gildir á alla þrenna tónleikana). Miði á Airwaves hátíðina veitir ókeypis aðgang.

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is

BORGUN

VR

GAMMA

„Tonight we dine in hell!“
(King Leonidas, 300, 2006)

KVIKMYND

Nammi-
barinn
í mínus

Contagion fjallar um veiru sem herjar á mannkynið og drepur hún nánast alla sem komast í kynni við hana. Fylgst er með heilbrigðisstarfsfólki reyna að berjast við að finna mótefni og hemja útbreiðslu veirunnar. Myndin er ekki þessi týpíska Hollywood-mynd heldur er hún meira í svona sem heimildar-myndarstíl. Leikstjóri myndarinnar er Steven Soderbergh sem gerði hina frægu Traffic og einnig myndirnar um Danny Ocean og félag. Leikaralið myndarinnar eru engar smá stjörnur og hafa þær allar einhverja reyngu af sviðinu í Kodak-höllinni. Tónlist myndarinnar er frábær enda enginn annar en Cliff Martinez sem sér um hana en hann einmitt gerði tónlistina fyrir hina stórgóðu



Drive. Contagion er því mjög vel leikstýrð og frábærlega leikin en skemmtanagildið hefði mátt vera meira. Hún er mjög áhugaverð til að byrja með en því miður gaf hún fullmikið eftir þegar leið á. Það hefði mátt setja meiri kraft í endinn því hann var frekar máttlaus ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Það er hellingur af samsæriskenningum í Contagion og eflaust er eitthvað til í því sem kemur fram í myndinni. Matt Damon virðist hafa gaman af smá ádeilu því það er ekki langt síðan hann lék í myndinni Green Zone. Ætli Damon taki ekki Reagan á þetta einn daginn og skelli sér í framboð. Ég ætla að spá því að Contagion muni láta að sér kveða í óskarnum í febrúar. Laurence Fishburne má alveg fá tilnefningu. Leikaralið myndarinnar er til fyrirmyndar en hann stóð upp úr að mínu mati. Það var einnig áhugavert að fylgjast með umferðinni á nammibarnum í hléi. Ég sá engan ná sér í poka og skella á vigtina.

Greinilegt að kvikmynd sem fjallar um smithættu og bakteríur á höndum gerir ekki gott fyrir söluna á nammibarnum.



Tómas Leifsson

CONTAGION

MMMMM



Viltu yngjast um tíu ár á augabragði?

Að lifa áhyggjulausu lífi sem snýst fyrst og fremst um hvort maður eigi að leika sér með bolta, fara í Nintendo eða horfa á spólu er öfundsvert líferni. Að eldast, kynnast áhyggjum og því hvað mannleg samskipti geta verið flókin, er síður öfundsvert og fer það ferli misvel með fólk. Vissulega hef ég svo sem ekki fengið að kynnast mörgum stigum þess að eldast en þó er ég farinn að upplifa það að mér finnst sífellt ómerkilegra að eiga afmæli, að undanskildu stórafmæli, og jólatilhlökkunin er orðin núll og nix samanborið við það sem áður var.

Í mér og tvítuga unga manninum. Maður upplifði allar persónur, fyrir utan Skara og hýenurnar, eins og gamla vini sína, tónlistin var frábær og maður fékk sama gamla hryggðarhrollinn við það að sjá Múfasa falla frá. Það var ekki laust við að ég hefði heyrt í fólk á mínum aldri, sem eflaust var í salnum í sömu erindagiörðum og ég, snökta í laumi.



Eins og flestum er kunnugt bera þó skemmtilegheitin og fegurðin í myndinni harmleikinn ofurliði og því gekk ég eins og áður sagði með bros á vör út úr salnum. Ég var þó ekki einungis brosandir yfir þessari fráberu mynd heldur fyrst og fremst yfir þessu magnaða nostalgíukasti sem yfir mig gekk. Mig langaði helst beinustu leið niður í geymslu heima og byrja að róta í gamla dótakassanum eftir Simba-dúkkunni sem ég átti eða Pumba. Mig langaði að spila gamla Lion King-leikinn minn á Super Nintendo. Fjandinn hafði það ef mig langaði ekki bara að klæða mig í gömlu Lion King-náttfötin líka. Að sama skapi fékk það mig til að hugsa um allt hitt dótið mitt, alla hina tölvuleikina og gleyma stað og stund.

Að yngjast er eitthvað sem menn hafa svo öldum skiptir keppt um að geta. Hefur fólk í því samhengi tekið upp á ýmsu svo sem að endurnýja fatastíl sinn, fara í lýtaaðgerðir, næla sér í yngri maka og þar fram eftir götum. Í síðustu viku tókst mér að yngja mig um rúman hálfan annan áratug og það án nokkurra af fyrrnefndum aðferðum. Það eina sem ég þurfti að gera var að fara í bió á myndina Lion King. Í síðustu viku varð ég fjögurra ára á ný.

Það að rifja upp gömul kynni við þetta meistarastykki sem Lion King er gerði annars látlausan sunnudag að langbesta degi vikunnar. Ég man varla eftir að hafa gengið svo glaður út úr kvikmyndahúsi, ég gat vart orða bundist af hrifningu. Gömlu aulabarnabrandararnir höfðuðu til mín og á sama tíma uppgötvaði ég nýja „fullorðinsbrandara“ í myndinni, hómorinn hitti beint í mark hjá fjögurra ára drengjum



ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

TÖLVULEIKUR



Örlög kvikindanna

Ein skærasta fjöður í hatti Marvel-fyrirtækisins eru hinir fjölbreyttu og frísku X-Men. Leikurinn X-Men Destiny gefur leikmönnum færi á að stýra þremur nýjum X-Men unglingum sem eru að átta sig á lífinu og hafa leikmenn áhrif á hvernig örlög þeirra þróast í gegnum leikinn. Leikurinn hefst í fríðargöngu sem haldin er til heiðurs hinum látna Charles Xavier. Skyndilega er gangan rofin af árásum illmenna og er markmiðið að finna út úr því hver stendur þar að baki. Þó að leikmenn fái ekki að stýra þekktum X-Men persónum, koma þær við sögu og berjast með.



X-Men Destiny

Tegund: Slagsmálaleikur

PEGI merking: 16+

Útgefandi: Activision

Dómar: Gamespot 4 af 10 /

IGN 5,5 af 10 / Eurogamer 5 af 10



X-Men Destiny er í grunninn slagsmála- og hasarleikur með hlutverkaleikjaívaði, en leikmenn velja sér persónu í upphafi og þurfa að þróa hana á einfaldan hátt í gegnum leikinn. Slagsmálakerfi leiksins er mjög einfalt og það sama má segja um óvini leiksins, en þeir eru ekki að fara að fá Nóbelsverðlaunin í neinu. Leikurinn er frekar einhæfur og gengur nánast bara út á að yta á örfáa takka og berja á óvinum. Þegar líður á fá leikmenn sérstaka hæfileika og þurfa að safna kröftum til að nota þá og hjálpar það mikið til í stærstu bardögum leiksins.

Það er lítið að gera eftir að söguþræðinum lýkur, en hann endist aðeins í ca. 5 klukkutíma og spannar 8 mismunandi borð. Grafíkin er ágæt, en fjöldi ramma á sekúndu dettur niður í hörðustu bardögum. Tónlistin er allt í lagi, en talsætningin er í ódýrari kantinum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er X-Men Destiny ekki alsælur leikur, en hann hefði mátt vera dýpri og skarta meiri metnaði. Það er ljóst að Marvel og Activision hafa hent þessum með hraði í hræri-vélina og útkoman er leikur í ágætu meðaltali sem gæti hífst aðeins upp fyrir það hjá hörðustu X-Men aðdáendum.

Ólafur Þór Jóelsson



Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum

Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Meðferð með Pevaryl® skeiðarstílum gefur háa tíðni lækningar og skjóta linu einkenna.

Pevaryl® er bæði fánlegt sem mjúkur skeiðarstíll og krem. Leitíð lækni leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Skannaðu QR kóðann og fáðu frekari upplýsingar

Pevaryl® 150 mg skeiðarstíll, Pevaryl Depot® 150 mg skeiðarstíll með forðaverkun, Pevaryl® 1% krem, (ekónazol). Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins candida albicans. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitíð til læknis eða lyfjafræðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfið. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa ónáemi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl® skeiðarstíll og krem innihalda efni sem geta eyðlað hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota lyfið með þessum getnaðarvörnum. Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



FABRIKAN

W.A. Mozart
TÖFRAFLAUTAN

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · FINNUR BJARNASON · GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON · SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR · JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR · AUÐUR GUNNARSDÓTTIR · SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SNORRI WIUM · VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR · KOLBEINN JÓN KETILSSON · VIÐAR GUNNARSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BRÚÐUGERÐ: BERND OGRODNIK
BÚNINGAR: FILIPPÍA I. ELÍSDÓTTIR · LEIKMYND: AXEL HALLKELL JÓHANNESSON
LEIKSTJÓRI: ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR · HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON

FRUMSÝNT Í HÖRPU 22. OKTÓBER 2011

Laugardaginn 29. október kl. 20

Laugardaginn 5. nóvember kl. 20

Laugardaginn 12. nóvember kl. 20

Sunnudaginn 13. nóvember kl. 20 – AUKASÝNING

Laugardaginn 19. nóvember kl. 20

Sunnudaginn 20. nóvember kl. 16

Laugardaginn 25. nóvember kl. 20



ÍSLENSKA ÓPERAN

Upplifðu Airwaves

Twitter

Four-square

Dagskrá

Allt um böndin

Kort

Þínir dómur

Staðan á röðunum

Streymi á tónlist

Fréttir

Áminning um tónleika

Viðtöl

Layar

Myndbönd

Facebook

Þín dagskrá

On Venue

Tónleika-
staðirnir

Off
Venue



Náðu í Airwaves appið
og upplifðu hátíðina með okkur